

## Samráðsfundur

**Dags:** 20. mars 2009, Við pollinn á Hótel Ísafirði.

**Aðili:** Náttúruverndarsamtök Vestfjarða

**Gestir:** Bryndís G. Friðgeirsdóttir (form) ásamt þremur úr stjórn samtakanna

Kontakt: Bryndis (bryndis@isafjordur.is)

**Frá verkefnisstjórn:** Svanfríður, Guðni, Þóra Ellen, Anna. Elín, Friðrik, Þorsteinn, Tómas.

1. Bryndís kynnti samtökin sem endurvakin voru vorið 2008 og eru skráðir félagar um 200. Samtökin eru hreint áhugamannafélag og hafa út litlum efnum að moða. Megin áhersla er lögð á fræðslu um gildi náttúrunnar og önnur skyld hagsmunamál.
2. Umræður snerust fyrst og fremst um virkjunaráform á Glámu og Hvalá en samtökin hafa ekki verið þátttakendur í umræðum um þau áform. Gestir lýstu áhyggjum af verulegri færslu vatns frá einum stað til annars og töldu því fylgja mikla hættu á raski viðkvæmrar náttúru. Töldu að verið væri að „fórna meiri hagsmunum fyrir minni“. Þóra Ellen tók undir með gestum því enda þótt ekki væri um hlutfallslega stórar virkjanir að ræða væru áhrifasvæði þeir afar stór og víðfeðm; mikil vatnafræðileg og sjónræn áhrif. Gestir bentu einnig á áhrif á sjávarlíf í fjörðunum.
3. Gestir fögnuðu vinnu rammaáætlunar og töldu það slæma þróun að fylgjendum og andstæðingum virkjana hefði verið stillt upp andspænis hvor öðrum, „gráum fyrir járnum“. Guðni tók fram að hlutverk Orkustofnunar sem stjórnsýslustofnunar um orkumál væri að taka tillit til allra sjónarmiða . Það væri í takt við alþjóðlega umræðu í geiranum.
4. Gestirnir lýstu þeirri skoðun sinni að mikilvægt væri að huga að fjölbreyttum atvinnutækifærum í mörgum smáum fyrirtækjum og stofnunum fremur en að einblína á fáa, stóra kosti.
5. Bryndís mun kanna möguleika á að afla ljósmynda frá áhrifasvæðum fyrirhugaðra virkjana.